

4. des—músastigar

Þú þarft — Kreppappír í tveimur litum, skæri og heftara.

1

Þú byrjar á því að velja þér tvo liti að kreppappír. Veldu einhverja sem þér finnst passa vel saman og eru ef til vill svolítið jólalegir.

2

Þegar þú hefur valið þér liti skaltu klippa 2 — 5 sentimetra bít af hvorum pappír. Þeir þurfa að vera jafn stórir svo það er sniðugt að leggja þann bít sem þú klippir fyrst yfir hinn kreppappírinn og klippa eftir honum. Þá færðu tvo jafna búta.

3

Þá er komið að því að festa búтана saman. Leggðu þá niður þennig að einn vísi lárétt og hinn lóðrétt og heftaðu svo endana saman.

4

Nú fléttar þú músastigann saman. Þá byrjar þú á þeim lit sem er undir og færir hann yfir hinn litinn og brýtur við samskeytin. Síðan tekur þú næsta lit og færir hann á sama hátt yfir og brýtur við samskeytin. Mundu að sá litur sem liggur lóðrétt á allaf að liggja eins og færir bara upp og niður. Liturinn sem liggur lárétt á að sama skapi alltaf að liggja þannig en færir frá hægri til vinstri. Svona heldur þú áfram alveg þangað til pappírinn klárast.

5

Þegar pappírinn klárast þarftu að hefta litina saman á þessum enda líka. Ef endarnir verða ekki alveg jafnir er ekkert mál að klippa af þeim sem er lengri til að jafna þá.

6

Loks tekur þú í sinn hvorn endann á músastiganum og dregur hann í sundur. Síðan má hengja hann upp.